

**153. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða**  
**föstudaginn 28. mars 2025.**  
**Fundurinn fór fram með Microsoft teams og hófst kl. 13:30**

Fundinn sátu: Bragi Þór Thoroddsen í stað Catherine Chambers (í Súðavík), Lilja Magnúsdóttir (á Tálknafirði), Smári Haraldsson (á Ísafirði) og Hulda Birna Albertsdóttir starfandi forstöðumaður (í Bolungarvík). Friðbjörg Matthíasdóttir sat fundinn undir 2. dagskrárlíð (í Reykjavík).

**1. Fundargerð 152. stjórnarfundar.**

Lögð fram fundargerðir 152. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða, sem haldinn var mánudaginn 24. febrúar 2024.

Fundargerðin hafði áður verið samþykkt og var nú lögð fram til umræðu.

**2. Ársreikningur 2024.**

Lagður fram ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2024 ásamt drögum að staðfestingarbréfi. Reikningurinn var staðfestur af Bjarka Bjarnasyni löggiltum endurskoðanda hjá Endurskoðun Vestfjarða. Friðbjörg fylgdi reikningnum úr hlaði. Rekstrartekjur voru 144,1 mkr. og rekstrargjöld 142,2 mkr. Tekjur umfram gjöld voru 1,9 mkr. og hagnaður ársins að teknu tilliti fjármagnsliða var 2,1 mkr. Eigið fé í árslok var 2024 4,7 mkr. og handbært fé í lok árs kr. 265.119.

Framlagður ársreikningur var borinn upp og samþykkur samhljóða af öllu stjórnarfólki og staðfestur með undirritun stjórnar og forstöðumanns. Forstöðumaður og stjórnarformaður árituðu svo staðfestingarbréfið.

**3. Starfsmannamál.**

- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hefur sagt upp starfi sínu og lætur af störfum við Náttúrustofuna 1. maí n.k. Stjórnin þakkar Margréti Hrönn fyrir afar vel unnin störf fyrir Náttúrustofuna og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.
- Kristín Sívía Ragnarsdóttir fornleifafræðingur mun taka við af Margréti Hrönn sem deildarstjóri fornleifadeildar til eins árs.
- Ken-Reesha Alisha Price, sem hefur verið í hálfu starfi við Náttúrustofuna kemur í fullt starf frá og með 1. júní 2025.
- Þrjár náttúrufræðinemar frá þýskalandi munu koma í sumarstörf hjá Náttúrustofunni.
- Aðrir undirliðir þessa dagskrárlíðar voru færðir í trúnaðarbók.

**4. Verkefnastaðan og horfur.**

Hulda Birna lagði fram samantekt um verkefni sem Náttúrustofan vinnur nú að, eða eru í undirbúningi. Verkefnastaða stofunnar er góð.

**5. Ársfundur 2025.**

Samþykkt var að ársfundur Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2025 (samráðsundur aðildarsveitarfélaganna) verði í Bolungarvík þriðjudaginn 20. maí og hefjist kl 12 með hádegisverði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40